

ADHD – leiðbeiningar fyrir lækna sem ávísa lyfinu



Inngangur

ADHD er algeng taugaproskaröskun hjá börnum og unglingum. Mælt er með fjölbættri nálgun á meðferð við ADHD, sem oft felur í sér ávísun á methylphenidat. Eins og með allar læknisfræðilegar meðferðir verður að framkvæma vandað mat á ávinningi/áhættu áður en meðferð er hafin.

Þar sem methylphenidat hefur örvandi eiginleika og þar sem ýmsir sjúkdómar tengjast oft ADHD er mikilvægt að lyf sem innihalda methylphenidat séu notuð í samræmi við leiðbeiningar og einungis fyrir viðeigandi sjúklinga. Sérfræðinganefnd Lyfjastofnunar Evrópu um lyf fyrir menn (CHMP) hafði ofangreint í huga þegar hún endurskoðaði samantektir á eiginleikum lyfja fyrir lyf sem innihalda methylphenidat og gaf í kjölfarið út nýjar ráðleggingar.

Efnið sem fylgir hér var þróað af framleiðendum methylphenidatlyfja til að auðvelda heilbrigðisstarfsfólki að skilja og fara eftir ráðleggingum um notkun methylphenidats. Það er mælt með því að efnið sé notað ásamt samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Methylphenidate STADA.

Auk samantektar á eiginleikum lyfs fyrir hvert sérlyf eru eftirfarandi hjálpargögn aðgengileg:

- Gátlisti sem á að fara yfir/fylla út áður en meðferð með methylphenidati hefst: *Gátlisti 1 – Methylphenidat gátlisti fyrir ávísun lyfs*
- Gátlisti sem á að fara yfir/fylla út á meðan á meðferð með methylphenidati stendur: *Gátlisti 2 – Methylphenidat gátlisti fyrir eftirlit með yfirstandandi meðferð*
- Tafla fyrir áframhaldandi eftirlit á meðan á meðferð með methylphenidati stendur.

Tilgangurinn með gátlistunum er að útvega aðgengilega lista yfir það sem þarf að athuga hjá sjúklingnum áður en methylphenidati er ávísað og á meðan á meðferð stendur.

Vinsamlega leitið nánari upplýsinga í samantekt á eiginleikum lyfs og fylgiseðli fyrir Methylphenidate STADA.

Methylphenidat sem hluti af alhliða meðferð

Við meðferð á ADHD er grundvallarskilyrði að fyrirkomulag menntunar sé viðeigandi og yfirleitt er sálfélagleg aðstoð nauðsynleg. Þegar stuðningsúrræði ein og sér duga ekki til þarf ákvörðunin um að ávísa methylphenidati að vera byggð á ítarlegu mati á því hve alvarleg og langvinn einkenni barnsins eru að teknu tilliti til aldurs þess.

Lyfjameðferð með methylphenidati er tilgreind sem hluti af víðfeðmri meðferð við ADHD.

Til að tryggja að notkun methylphenidats sé ætíð byggð á ofangreindu, vinsamlega íhugið þá eftirfarandi atriði:

- Sjúkdómsgreining fer fram samkvæmt ítarlegu mati á því hve alvarleg og langvinn einkenni barnsins eru með tilliti til aldurs þess
- Sjúkdómsgreining fer fram samkvæmt viðmiðunum *Greiningar- og tölfræðihandbókar fyrir geðræna sjúkdóma* (DSM) eða leiðbeiningunum í *Alþjóðlegri sjúkdóma- og dánarmeinaskrá* (ICD), og til grundvallar skal liggja heildarsjúkrasaga og mat á sjúklingnum
- Tryggið að læknisfræðileg og sérhæfð sálfræðileg, uppeldisfræðileg og félagsleg úrræði séu nýtt

Nánari upplýsingar er að finna í samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Methylphenidate STADA.